



Auður Ósk Guðmundsdóttir,  
félagsráðgjafi MA, lektor og fulltrúi í siðanefnd FÍ

# „Hristi upp í mínum innsta kjarna“

## *Umfang og birtingarmyndir ofbeldis gegn félagsráðgjöfum*

Siðanefnd Félagsráðgjafafélags Íslands lagði fyrir spurningakönnun um ofbeldi í garð félagsráðgjafa fyrr á þessu ári og kynnti niðurstöður hennar á Félagsráðgjafabínginu í febrúar. Markmiðið var að varpa ljósi á upplifun fagfólks af ógn í starfi. Niðurstöðurnar eru sláandi: 86% hafa orðið fyrir ógnandi framkomu, 43% fengið hótanir um líkamlegt ofbeldi, 31% hótanir gegn heimili eða fjölskyldu og 12% orðið fyrir líkamlegu ofbeldi.

### OFBELDI SEM KERFISLÆGT ÁLAG

Ofbeldi er ekki einstakt frávik heldur endurtekið álag sem fylgir starfinu. Umræðan hefur lengi farið fram innan lokaðra rýma, en niðurstöðurnar sýna skýrt að þetta er hluti af daglegum veruleika. Óskýrt verklag og skortur á stuðningi leiðir oft til þess að ábyrgðin færirst á einstaklinginn, með þverrandi starfsánægju, auknu álagi og hættu á kulnun.

### FAGPREYTA OG KULNUN

Langvarandi álag eykur líkur á fagþreytu (e. compassion fatigue) og áfallatengdri kulnun (e. vicarious trauma). Slíkt álag getur haft djúpstæð áhrif á líðan, sjálfsmynd og öryggiskennd fagfólks (Auður Ósk Guðmundsdóttir, 2020; Figley, 2005).

### NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR

Spurningakönnunin, sem samantóð af 13 spurningum, var lögð fyrir rúmlega 500 félagsmenn Félagsráðgjafafélags Íslands. Alls svöruðu 152, sem jafngildir 30% svarhlutfalli, þar af höfðu 46% starfað í 10 ár eða lengur. 55% höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum og 18% oftari en þrisvar sinnum.

### SKORTUR Á VERKLAGI

Helmingur svarenda vissi til þess að til væri verklag vegna ofbeldis í starfi, en 34% vissu það ekki. Aðeins 22%

”

*Ég efaðist um sjálfa mig í starfi, fann fyrir mikilli streitu og varð varari um mig í kringum heimili mitt*

mála voru afgreidd innan stofnunar og einungis 25% tilkynnt til lögreglu. Þetta bendir til skorts á skýrum ferlum og eftirfylgni.

### ÁBYRGÐ OG ROFIN MÖRK

Vinnuveitendum ber skylda til að tryggja öruggt vinnuumhverfi. Þegar ofbeldi nær inn í einkalíf, með hótunum gegn heimili og fjölskyldu, eru